

Frá Lífvísindasetri Háskóla Íslands.

Efni: Þingskjal 1181 – 750. mál

Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024
7. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar
7.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Í framlagðri tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024 kemur fram að málaflokkur 07 um *Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar* er að fá verulegan aukinn stuðning miðað við árin á undan og fyrri fjármálaáætlun 2019-2023. En eins og fram kemur á blaðsíðu 103 skýrist hækkunin „*að mestu af endurmati fyrirkomulags á endurgreiðslu kostnaðar vegna rannsókna og þróunar til að bæta alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands*“. Í skýringum á bls. 109 kemur fram að þar muni „*mest um annars vegar 1,1 ma.kr hækkun frá og með 2020 vegna rammaáætlana ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun. Hins vegar hækkun framlög vegna endurgreiðslu kostnaðar til fyrirtækja við rannsóknir og þróun um 1 ma.kr. í fjárlögum fyrir árið 2019 og er reiknað með áframhaldandi hækkun á framlögum út tímabil áætlunarinnar. ... gert er ráð fyrir að hækka styrki til nýsköpunar um 500 ma.kr. 2020, 1,5 ma.kr. árið 2021 og 2 ma.kr. árin 2022 og 2023.....*“

Því miður munu framlög til Rannsóknasjóðs Vísinda- og tækniráðs, sem tilheyrir málaflokki 7.10 um *Vísindi og samkeppnissjóði í rannsóknum*, ekki aukast samkvæmt áætluninni, en þau hafa staðið í stað frá árinu 2016 þegar mikilvæg leiðrétting var gerð á sjóðnum. Þetta veldur vísindasamfélaginu öllu miklum áhyggjum. Fram kemur á blaðsíðu 215 í þingsályktunartillögunni: „*Í þessu tilliti er áskorun að bregðast við fjölgun umsókna í samkeppnissjóði. Þrátt fyrir að verulega hafi verið bætt í rannsóknasjóði og aðra sjóði á liðnum árum hefur hlutfall úthlutunar Rannsóknasjóðs lækkað úr 30% í 17% frá árinu 2015“ til ársins 2019.*

Nýlega var lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003 breytt, en breytingarnar fólu meðal annars í sér samfjármögnun alþjóðlegra rannsóknaráætlana. Í nefndarálitum Allsherjar- og menntamálanefndar, þingskjal 1297, kom m.a. fram: „*Samhljómur var á meðal gesta um mikilvægi alþjóðlegs samstarfs. Hins vegar komu fram sjónarmið um nauðsyn þess að tryggja meira fjármagn í Rannsóknasjóð og tryggja að árangurshlutfall sjóðsins verði að lágmarki 25% ef samfjármögnun rannsóknarverkefna eigi ekki að hafa mögulega neikvæð áhrif á vísindastarf hér á landi.*“

Eðlilegt er talið að árangurshlutfall úr samkeppnissjóðum á borð við Rannsóknasjóð haldist að lágmarki 25% sem þýðir í raun að vísindamenn geti að meðaltali átt von á því að fjármagna rannsóknir sínar á fjögurra ára fresti og þannig haldið samfellu í vinnu sinni, en þessir styrkir eru að jafnaði veittir í 3 ár í senn. Framlög til sjóðanna hafa hvorki fylgt launa- né verðlagsþróun frá árinu 2016, en frá byrjun árs 2016 til dagsins í dag hefur launavísitalan hækkað um 24% (farið úr 545 í 675,3) og verðlagsþróun verið 9%. Á sama tíma hafa framlög ríkisins til rammaáætlunar ESB hækkað um 47% og í áætluninni er fyrirhuguð umtalsverð viðbótarhækkun. Til þess að samkeppnisstaða Íslands haldist góð gagnvart sjóðum ESB þarf

grunnfjárfesting í rannsóknum á Íslandi að haldast hlutfallslega í hendur við fjármögnun til ESB. Þar skipta samkeppnissjóðirnir mestu máli þar sem einungis frambærileg verkefni fá fjárstuðning. Takmörkuð framlög til Rannsóknarsjóðs draga mjög úr grunnrannsóknum í lífvísindum sem hefur bein áhrif á nýsköpun í landinu. Samhliða öflugri rannsóknum hefur fjöldi nýsköpunarfyrirtækja farið vaxandi. Rannsóknir hafa því bein áhrif á atvinnulífið.

Lífvísindasetur Háskóla Íslands skorar á stjórnvöld að efla hlut Rannsóknarsjóðs Vísinda- og tækniráðs. Það verður heillaspor og mun efla grunnrannsóknir sem skilar sér í aukinni nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Virðingafyllst, fyrir hönd stjórnar og félaga í Lífvísindasetri Háskóla Íslands,

Sigríður Klara Böðvarsdóttir,
forstöðumaður Lífvísindaseturs Háskóla Íslands,
Vatnsmýrarvegi 16,
101 Reykjavík
netfang: skb@hi.is
<http://lifvisindi.hi.is/>